

fjarðar, hafi allar flutzt þangað. Sökum þessara nýju upplýsinga, og með því að ætla **114**
 má, að vöruskortur hafi verið orðinn á Austfjörðum, áður en Copeland kom þangað, **19. okt.**
 vegna þess hve hafís lá þar lengi fyrir landi og bannaði aðflutninga, þá hef jeg fallið
 á, að fyrstjéð sekt eptir atvikum megi niður falla.

En að því er snerti framkomu sýslumannsins í Suðurmúlasýslu í þessu máli, verð jeg þjónustusamlega að skora á yður, herra amtmaður, að brýna fyrir honum, að honum er með öllu óheimilt að veita slíka undanþágu frá gildandi lögum, sem hjer hefur átt sjer stað, nema því að eins að hina brýnustu nauðsyn beri til, eins og reyndar virðist hafa átt sjer stað í þetta sinn, en komi það fyrir, að lík undanþága og sú, er hjer hefur gjörð verið, virðist óhjákvæmleg, þá ber sýslumanni sjálfum að vera til staðar, þar sem hann leyfir skipinu að koma að landi, til þess að rannsaka skjöl skipsins, og sjá um, að sóttvarnar- og tolllaganna sje gætt, og hafa yfirumsjón með affermingu varanna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um leyfi til **115**
 að halda lotterí til orgelkaupa handa Hólakirkju. — Presturinn sjera Zophonías Hall- **30. nó.**
 dórsson í Viðvík hefur með brjefi 10. p. m. fyrir hönd sóknarnefndarinnar í Hólasókn
 sótt um leyfi til að mega halda »lotterí» í því skyni, að keypt verði fyrir ágóðann af
 því orgel í Hólakirkju. Skýrir presturinn svo frá, að númerin í lotteríinu eigi að vera
 2000 og kosta 50 aura hvert, en að ákveðið sje að vinningarnir skuli vera:

- 1, reiðhestur, ungur og viljugur, er kosti 100 kr.
- 2, kíkiri, er kosti 40—45 kr.
- 3, loptþyngdarmælir (Barometer), er kosti 25—30 kr.
- 4, 6 teskeiðar úr silfri, er muni kosta hver 3 kr. 25 a.

Út af þessu undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg hjer með veiti leyfi til að halda hið umrædda lotterí á þann hátt og í þeim tilgangi, sem að ofan segir, en lotteríinu ber nákvæmlega að haga eptir þeim reglum, er þjer eða hlutaðeigandi lög-reglustjóri kynni að setja því til tryggingar, að engin vandkvæði geti af því hlotizt.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Akureyri um áfrýjun á kjörstjórn- **116**
 arúrskurði. — Í erindi, sem hingað hefur borizt beina leið, og dagsett er 8. f. m., **1. des.**
 hefur verzlunarstjóri Eggert Laxdal skotið til mín úrskurði kjörstjórnar Akureyrar kaup-
 staðar, upp kveðnum 16. október þ. á., er segir, að mótmæli þau, er fram hafi komið
 gegn lögmati kosningar á 1 manni í niðurfjöfnunarnefnd kaupstaðarins, sem fram hafði
 farið sama dag, geti ekki tekizt til greina.

Út af þessu gefst yður til vitundar, herra bæjarfógeti, yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir bæjarstjórninni á Akureyri, sem kærandinn virðist eiga sæti í, að samkvæmt 9. gr. sbr. 20. gr. í lögum 8. október 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, verður sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð eða úrskurðum kjörstjórnarinnar, að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan viku eptir að kosning hefur fram farið, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina, og síðan má kæra úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja; en þar sem kærandinn hefur skotið úrskurði kjör-

- 116 stjórnarinnar beint til landshöfðingja, án þess að bera mál sitt fyrst undir bæjarstjórnina, þá verður kæra hans ekki tekin til greina, jafnvel þó gallar virðist vera á undirbúningi kosningar þeirrar, sem hjer er um að ræða.

- 117 Ágrip af brjefi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli til kirkjubyggingar. — Með brjefi þessu var prestinum að Lundi í Borgarfjarðar prófastsdæmi veitt leyfi til að taka 500 kr. lán handa Lunda prestakalli til kirkjubyggingar á Lundi með þeim kjörum, að lánið verði auk vaxta endurborgað á næstu 10 árum frá lántökunni með $\frac{1}{10}$ árlega.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögunum fyrir 1888 og 1889.

13. gr. B. V. b. 1.

Barnaskólanum á Seyðisfirði veittar 150 kr. fyrir árið 1888.

Stjórnartíðindin (deildirnar A, B og C) má panta á skrifstofu landshöfðingja og öllum pósthöfðum á landinu. Verð þeirra er 1 kr. árgangurinn, er verður að greiðast fyrirfram um leið og tíðindin eru pöntuð. Eldri árgangar Stjórnartíðindanna, þeir sem enn eru til, kosta heptir 1 kr. 90 a. hver, nema árgangurinn 1874, er kostar 95 aura, og árgangurinn 1886 og 1887, er kostar hver 1 kr. 25 a.

Stjórnartíðindin eru send öllum kauplaust með póstum. Sje eitthvað áfátt við sendinguna, ber viðtakanda, ef hann vill mega búast við leiðrjettingu á því, að skýra þeim, er hann pantar tíðindin hjá, frá vöntuninni með næsta pósti eða fyrstu ferð, sem fellur, eptir að sendingin kom.

Embættismönnum, hreppstjórum, hreppsnefndaroddvitum og póstafrgreiðslumönnum er skylt að halda þeim Stjórnartíðindum, er þeim eru send kauplaust, saman í góðri reglu, og munu þeir að öðrum kosti verða skyldaðir til að útvega tíðindin eptir á af nýju, á eigin kostnað.